

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 2001

Nr. 186

448

6. mars 2001

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innheimtu höfundaréttargjalda
skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga.

1. gr.

Á B lið 1. gr. verða svofelldar breytingar.

6. tl. verður svohljóðandi: Af geisladiskum með allt að 2 Gb minnisrymd sem flokkast í tnr. 8523.9001 skal greiða 17 kr. á hvert eintak.

7. tl. verður svohljóðandi: Af geisladiskum með meira en 2 Gb minnisrymd sem flokkast í tnr. 8523.9002 skal greiða 50 kr. á hvert eintak.

2. gr.

Svofelldar breytingar verða á 2. gr.

1. tl. 2. gr. fellur niður. Númer einstakra töluliða breytast í samræmi við framangreinda breytingu.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Við innflutning skal höfundaréttargjald skv. 2. gr. lagt á tollverð vöru, eftir því sem nánar er ákveðið í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum og gilda ákvæði þeirra laga enn fremur um innheimtu á gjaldinu, eftir því sem við á, enda hafi samtök höfundaréttarfélaga falið töllyfirvöldum innheimtu þess á grundvelli 6. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Við framleiðslu skal höfundaréttargjald skv. 2. gr. lagt á framleiðsluverð vöru, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. mars 2001.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.